

## **Borgarstjórn Reykjavíkur**

### **4. maí 2021**

### **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um sálfræðiaðstoð til starfsfólks og foreldra vegna COVID-19 smita í leik- og grunnskólum**

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavíkurborg bjóði foreldrum barna sem hafa greinst með COVID-19, og starfsmönnum leik- og grunnskóla þar sem upp hefur komið COVID-19 hópsýking, sálfræðihjálp þeim að kostnaðarlausu. Einnig er lagt til að hugað verði sérstaklega að þeim börnum sem hafa smitast af COVID-19 og þeim veitt sálfræðiaðstoð telji foreldrar þörf á. Samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu frá 27. apríl sl. hafa 426 börn á aldrinum 0-17 ára með lögheimili í Reykjavík greinst með COVID-19 hér á landi frá upphafi faraldursins. Þegar börnin eru annars vegar er öllum illa brugðið. Foreldrar barna sem smitast hafa af COVID-19 hafa án efa fengið áfall og fundið fyrir miklum ótta. Sama má ætla að gerist hjá starfsfólki. Það er brýnt að foreldrum og starfsfólki standi til boða áfallahjálp/sálfræðiaðstoð til að vinna úr þessari erfiðu reynslu. Starfsfólk leik- og grunnskóla hafa verið undir miklu álagi frá upphafi faraldursins. Full ástæða er einnig til að huga að börnunum sem hafa fengið COVID-19. Mörg þeirra hafa hvorki aldur né þroska til að vinna úr áföllum af þessu tagi. Í viðtali við fagaðila gefst þeim tækifæri til að tjá upplifun sína, líðan og hugsanir, hvernig það var að vera í einangrun og koma síðan aftur í skólann eða annað sem hvílir á þeim.

### **Greinargerð**

Vikið er nú nánar að líðan barna sem fengið hafa COVID-19. Mikið er lagt á börn um þessar mundir. Börn, sem komin eru með aldur og þroska til, hafa vissulega fylgst með heimsfaraldrinum. Börnin hafa fram til þessa mörg hver haft áhyggjur af foreldrum sínum og öfum og ömmum. Hvort sem það er með tilkomu breska afbrigðisins eða ekki þá hefur veiran smokrað sér meira inn í barnahópa svo nú bætast við áhyggjur af eigin heilsu. Ætla má að enn meiri ugg hafi sett að börnum samfara því og þá ekki síst hjá þeim börnum sem hafa fengið COVID-19. Eitt er að heyra fréttir af vágustinum en annað að vera sjálfur í þeim sporum að hafa smitast.

Almennt hefur líðan grunnskólabarna hér á landi farið versnandi og á það jafnt við fyrir faraldurinn og eftir að hann hófst. Þetta má sjá í niðurstöðum kannana sem birtar hafa verið hjá Landlæknisembættinu, Velferðarvaktinni og umboðsmanni barna. Frásögnum barna hefur verið safnað m.a. af umboðsmanni barna og hafa þær gefið sterkar vísbendingar um að áhyggjur hafi aukist. Áhyggjur í tengslum við veiruna eru líklegar til að auka enn meira á vanlíðan þeirra barna sem leið illa fyrir.

Vaxandi vanlíðan barna í Reykjavík og aukning á depurð, kvíða, sjálfsskaða og sjálfsvígshugsunum hefur verið áhyggjuefni lengi. Þau börn sem eru í þessari stöðu hafa ekki öll fengið þá aðstoð sem þau þurfa til að vinna bug á vanlíðan sinni. Þau sem hafa fengið einhverja aðstoð bíða jafnvel enn eftir frekari aðstoð. Það hefur ekki farið framhjá neinum að um 1000 börn bíða á biðlista eftir sálfræðiaðstoð skólaþjónustu og annarri hjálpi hjá skólaþjónustu Reykjavíkurborgar. Börn og ungmenni tala sjálf um skort á aðgengi að sálfræðingum, þjónustu og ýmsum bjargráðum þeim til aðstoðar og stuðnings.